

Minnisblað

Til:
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 10. júní 2020
Mnr. 2020060037



ÍSAFJARÐARBÆR

Safnahús / Gamla sjúkrahúsið - nauðsynlegar endurbætur

Varðar: Safnahús / Gamla sjúkrahúsið, fnr. 211-9325, Eyrartúni, Ísafirði

Safnahúsið heyrir undir sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármála hjá Ísafjarðarbæ. Í ljósi þess telur undirrituð rétt að benda á ástand þessa merka húss, með það í huga að koma máli þessu í farveg.

Undirritaðri hafa borist upplýsingar frá núverandi starfsmönnum um að ítrekað flæði inn í kjallara hússins, s.s. í gegnum vegg og upp um brunn. Mikill leki varð fyrir nokkrum árum sem stórskemmdi innra byrði og gólf kjallara hússins. Í húsinu fer fram ýmiss safnastarfsemi og er þar nú til húsa bókasafnið á Ísafirði, héraðsskjalasafn, ljósmyndasafn og listasafn. Í kjallara er stór hluti þessa safns geymt, og má ætla að við núverandi aðstæður liggi mörg gögn undir skemmdum, enda mikill raki og líklega mygla í kjallara.

Meðfylgjandi myndir sýnir ástand hússins, sérstaklega vegg og gólf í kjallara, en einnig vegg á annarri hæð hússins, gler í gluggum og rými undir austurtröppum í kjallara hússins.

Undirrituð hefur upplýst bæjarstjóra og sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs um ástand hússins. Sá síðarnefndi hefur lagt til að fengið verði tjónamat á húsinu. Nauðsynlegt er einnig að skoða drenlagnir og fráveitumál við húsið.


Undirrituð leggur til að það verði forgangsmál hjá sveitarfélaginu að veita vatni frá húsinu, fjarlægja beð og mold sem liggja upp við kjallaraveggi (og halda raka að veggjum), setja upp útirafmagnstengil og ráðast í endurbætur á veggjum, gólfi og glerjum hússins.

Undirrituð óskar því eftir því að málið verði falið sviðsstjóra á umhverfis- og eignasviði til ábyrgðar og að strax í sumar verði hafist handa við að lagfæra frárennsli og dren í kringum húsið, fjarlægja ofangreind beð og setja upp rafmagnstengil úti við, og að gerð verði áætlun um endurbætur á húsinu innandyra og utanhúss, sem verði lokið í síðsta lagi á árinu 2021.

Safnahúsið er ein mesta prýði fyrir sveitafélagið. Húsið sem var byggt árið 1925, var hannað af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, og á sér mikla sögu í bæjarfélaginu. Það er synd að sjá það grotna niður fyrir augum okkar. Nauðsynlegt er að setja fjármagn í endurbætur á þessu og næsta ári.

Rakakemmdir í veggjum og gólfi kjallara





Ástand veggja í kjallara – undir tröppum austurhlið


Rafmagn fyrir jólatré/hátalarkerfi er í þessu rými og því snjóar/rignir inn. Vöntun er á rafmagnstengli utan húss.



Brunnur og lagnarými - kjallara



Flóð í kjallara



Gler í gluggum – móða og raki



Rakaskemmdir veggja 2. hæð



Moldarbeð og kantur utanhúss

